

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félagsráðgjafafélags Íslands

desember 2016

1. Inngangur

Samningur þessi er gerður á grundvelli samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningum Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs. Í þessum stofnanasamningi er tekið tillit til jafnlaunaátaks ríkisins samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 21. janúar 2013.

2. Aðilar

Aðilar að samningi þessum eru Sjúkrahúsið á Akureyri og Félagsráðgjafafélag Íslands og nær samningurinn til allra félagsmanna í Félagsráðgjafafélagi Íslands sem starfa á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

3. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum stofnunar,
- Að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Sjúkrahússins á Akureyri.

Skilmerki um flokkun starfa

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum félagsráðgjafa auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklýsingar og að öðru leyti mat á störfunum er byggt á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa.

4. Skilgreiningar á störfum

Í skilgreiningum á störfum félagsráðgjafa er lagt til grundvallar að draga fram grunnkröfur starfsins, ábyrgð, helstu þætti og markmið í starfsþróun. Í lýsingum á einstökum störfum er leitast við að takmarka endurtekningar, þó svo að þær kröfur sem koma fram í efnisatriðum hvers starfs fylgi að sjálfsögðu með í næsta starfi á eftir.

5. Flokkun starfa til launa og grunnröðun

Félagsráðgjafi í samningi þessum er félagsráðgjafi með löggildingu í félagsráðgjöf og starfsleyfi skv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

Flokkun starfa í félagsráðgjöf skal miða við núverandi kröfur um starfsréttindi sem byggist á þriggja ára BA námi í félagsráðgjöf (180e) og til viðbótar tveggja ára MA námi til starfsréttinda (120e).

5.1 Almenn störf (störf 1 til 4)

Störf eru fjögur og miðað við eftirfarandi skilgreiningar:

- | | |
|--|-----------------|
| • Félagsráðgjafi 1 - Fyrsta ár í starfi | Launaflokkur 6 |
| • Félagsráðgjafi 2 - Fær í starfi | Launaflokkur 8 |
| • Félagsráðgjafi 3 - Er mjög vel fær í starf | Launaflokkur 9 |
| • Félagsráðgjafi 4 - Sérfræðingur í tiltekinni fræðigreinin á fagsviði | Launaflokkur 10 |
- hefur alla jafna meistarapróf*

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félagsráðgjafafélags Íslands

desember 2016

6. Nánari skilgreining starfa

Félagsráðgjafi 1

Fyrsta ár í starfi. Félagsráðgjafi sem sinnir almennum félagsráðgjafastörfum og má þar nefna samtalsmeðferð, þarfagreiningu, úrræðagreiningu, ráðgjöf og fræðslu. Tekur þátt í almennri teymisvinnu. Samræming þjónustu við sjúklinga og fjölskyldu hans er viðamikill þáttur í starfi félagsráðgjafa og eftirfylgni eftir útskrift. Vinnur undir handleiðslu reyndari félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafi 2

Umfram félagsráðgjafa 1. Vinnur sérhæfð verkefni sem krefjast mikillar þekkingar í félagsráðgjöf á því sérsvið/deild innan stofnunar og utan, sem viðkomandi starfar á. Hefur faglega umsjón og ábyrgð á þjónustu og fagþróun á málaflokki eða við ákveðnar starfseiningar. Þátttaka í þverfaglegri vinnu, skipulagningu og stefnumótun. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Sinnir samstarfi innan og utan stofnunar. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir.

Félagsráðgjafi 3

Umfram félagsráðgjafa 2. Félagsráðgjafi sinnir fleiri en einni deild. Sér um handleiðslu við nýja félagsráðgjafa og félagsráðgjafanema. Sinnir stuðningi og ráðgjöf við aðra starfsmenn stofnunarinnar. Sér um kennslu/fræðslu innan og utan stofnunar. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi.

Félagsráðgjafi 4 - Sérfræðingur

Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigreini á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorspróf að baki og skal hafa leyfi viðkomandi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigreini.

6.1 Félagsráðgjafi sem ber einn ábyrgð á fagsviði/félagsráðgjafapjónustu og starfar einn á sérsviði (fagsviði) á starfsstöð raðist einum launaflokki hærra en grunnröðun í starfaflokkun.

7. Hæfni og reynsla

Auk færslu milli starfa og þar með launaflokka (lóðréttur ás í launatöflu) getur starfsmaður fengið álagsþrep fyrir hæfni og reynslu (láréttur ás í launatöflu). Hæfni og reynsla er metin til hækkunar um allt að 12,5% samanlagt af viðkomandi launaflokki, í 2.5% bilum.

7.1 Skipting álagsþrepa

Tryggð við stofnun

Fimm ár í starfi félagsráðgjafa hjá SAK eitt þrep

Aukin reynsla

10 ár í starfi sem félagsráðgjafi eitt þrep

Aukin hæfni í vinnubrögðum

Sjálfstæði eitt þrep

Frumkvæði eitt þrep

Góður árangur eitt þrep

Samtals 5 þrep eða 12,5%

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félagsráðgjafafélags Íslands

desember 2016

7.2 Nánari skilgreining og mat á einstökum þáttum

Tryggð við stofnun

Félagsráðgjafi sem starfað hefur samfleytt í 5 ár í a.m.k 50% starfshlutfalli hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri fær eitt þrep á laun sín.

Aukin reynsla

Félagsráðgjafi sem starfað hefur í 10 ár frá útskrift fær eitt þrep á laun sín.

Aukin hæfni í vinnubrögðum

Þættir er lúta að mati á aukinni hæfni í vinnubrögðum, þ.e. sjálfstæði, frumkvæði og góðum árangri eru metnir í samtali við næsta yfirmann á þar til gerðum eyðublöðum sem aðgengileg eru á innri vef sjúkrahússins. Starfsmaður getur áunnið sér allt að þremur álagsþrepum ofan á grunnröðun eftir mat á hæfni og starfsreynslu eftir 6 mánuði í starfi. (Samkvæmt minnisblaði frá starfsmannabjónustu frá 22.feb 2008).

8. Formleg menntun og námskeið

Félagsráðgjafar geta fengið að hámarki 2 launaflokka og 1 þrep fyrir viðbótarmenntun sem nýtist í starfi og að hámarki 1 þrep fyrir námskeið og fagráðstefnur.

8.1 Skipting álagsþrepa og launaflokka

Námskeið og fagráðstefnur 180 stundir	1 þrep
Diplómanám 30 ECTS sem nýtist í starfi	1 þrep
Diplómanám 60 ECTS sem nýtist í starfi	1 flokkur
Meistaránám 120 ECTS, sem nýtist í starfi, eldra námið)	2 flokkar
Doktorsnám sem nýtist í starfi	2 flokkar 1 þrep

Samtals 2 flokkar og 2 þrep

8.2 Nánari skilgreining og mat á einstökum þáttum formlegrar menntunar og námskeiða

Námskeið og fagráðstefnur

Skipulögð námskeið/fagráðstefnur sem nýtast í starfi gefa félagsráðgjafa eitt þrep (2,5 % álag) á laun sín. Námskeiðin/fagráðstefnurnar skulu að lágmarki vera 6 kennslustundir eða hálf eining hvert, samtals 180 stundir. Skilyrði er að sýnt sé fram á viðveru með staðfestu skjali. Einungis námskeið og fagráðstefnur á síðustu 10 árum frá umsókn teljast gjaldgeng í þessu mati.

Diplómanám 30 ECTS einingar

Þegar starfsmaður hefur lokið formlegu diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi fær hann eitt þrep enda sé námið a.m.k. 30 ECTS.

Diplómanám 60 ECTS einingar

Þegar starfsmaður hefur lokið formlegu diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi fær hann einn flokk enda sé námið a.m.k. 60 ECTS.

Að meginstefnu skal við það miðað að um samfelld nám sé að ræða. Ljúki starfsmaður tveimur 30 ECTS eininga diplómagráðum sem nýtist í starfi skal launa hann með einum launaflokki.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félagsráðgjafafélags Íslands

desember 2016

Meistaránám

Þegar starfsmaður hefur lokið meistaránámi fær hann einn launaflokk sem kemur til viðbótar við þann launaflokk sem viðkomandi fékk fyrir diplómanám hafi það verið undanfari meistaránámsins. Sá sem lýkur meistaránámi en hefur ekki fengið launaflokk vegna diplómanáms fær tvo launaflokka ofan á grunnröðun sína. Meistaránám skal vera 120 ECTS nám að lágmarki.

Doktorspróf

Þegar starfsmaður hefur lokið doktorsprófi fær hann eitt þrep til viðbótar við þá flokka sem hann hefur fyrir meistaránámið sitt.

Umsóknum um þrep eða flokka vegna viðbótarnáms eða námskeiða skal fylgja vottorð og dagsett gögn um fjölda eininga og stunda.

Sérfræðileyfi

1. áfangi - 100 námskeiðsstundir og 20 einkahandleiðslutímar (eða 20 einka + 10 hóp) 1 þrep
 2. áfangi - 200 námskeiðsstundir og 50 einkahandleiðslutímar (eða 40 einka + 20 hóp) 1 þrep
 3. áfangi - 300 námskeiðsstundir og 75 einkahandleiðslutímar (eða 60 einka + 30 hóp) 1 þrep
- = Sérfræðileyfi í viðkomandi grein

Þegar um er að ræða ávinnslu launaprepa vegna áfanga að sérfræðiviðurkenningu eða viðbótarmenntunar er félagsráðgjafa heimilt að nýta sér þau ákvæði sem eru honum hagnafelldari þegar tvær eða fleiri leiðir koma til greina. Velja þarf á milli leiða í slíkum tilvikum en ekki verður um tvítalningu að ræða, t.d. þegar taldar eru stundir í fræðslu og þjálfun.

Hámarksfjöldi álagsprepa í launatöflu eru átta þrep. Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofl. ofan á grunnröðun launaflokks sem er umfram átta álagsþrep færirist í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir neðan.

9. Tímabundnir þættir

9.1 Sérstök tímabundin umbun

Heimilt er að greiða sérstaka umbun skv. grein 1.3 í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga. Sótt er um til nefndar um bókun 2.

9.2 Sérverkefni (1-2 viðbótarlaunaflokkar)

Auk almennra starfa eru skilgreind sérverkefni sem byggja á því að starfsmaður geti fengið 1-2 launaflokka ofan á grunnröðun launa sinna fyrir umsjón með sérstaklega skilgreindum verkefnum eða ábyrgð, sem fellur utan hefðbundinna starfa.

Skilyrði er að starfið sé skilgreint í starfslýsingu eða erindisbréfi og staðfest af viðkomandi forstöðumanni. Slík störf skulu hafa upphafs- og lokatíma, þó ekki lengri tíma en 24 mánuði í senn.

Grunnkröfur:

Gerð er krafa um sérstaka færni í starfi, sérþekkingu og reynslu á sviði ákveðinna málaflokka. Einnig er gerð krafa um skipulagshæfileika, reynslu af stjórnun og færni í mannlegum

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félagsráðgjafafélags Íslands

desember 2016

samskiptum. Æskilegt er að starfsmaður hafi viðbótarmenntun eða hafi sýnt sérstakt frumkvæði og áhuga á viðkomandi verkefni/málaflokki.

Ábyrgð:

Starfsmaður ber ábyrgð sem skilgreind er í starfslýsingu eða erindisbréfi þar sem m.a. skal skýrt tekið fram um verksvið og valdmörk starfsins.

Helstu þættir

Starfið þarf að fela í sér tvo eða fleiri af neðangreindum þáttum:

- Umsjón og ábyrgð á þjónustu og fagþróun í ákveðnum málaflokki /-flokkum eða við ákveðna starfseiningu/einingar.
- Umsjón og ábyrgð á þróunarvinnu, gæðastjórnun, breytingastjórnun og innleiðingu nýjunga t.d. nýrra meðferðarúrræða eða tækni.
- Umsjón og ábyrgð á gerð og uppfærslu verkferla
- Stjórnun starfsmanna samkvæmt sérstöku umboði yfirmanns eða sem staðgengill yfirmanns s.s. verkstjórn, skipulagningu og samræmingu á vinnu starfsmanna á einingu/einingum samkvæmt stjórnskipuriti.
- Ábyrgð á faglegri þróun, þátttöku í þverfaglegri vinnu og í skipulagningu og stefnumótun.
- Þátttaka í ráðningu starfsfólks til einingarinnar/eininganna. Umsjón með og ábyrgð á aðlögun nýrra starfsmanna.
- Skipulagningu og umsjón með kennslu nemenda.

9. Réttur til endurmats á röðun

Starfsmaður á rétt á endurmati á grunnröðun starfsins telji hann að forsendur röðunar hafi breyst. Jafnframt á hann rétt á upplýsingum um forsendur röðunar. Slíkt endurmat getur farið fram allt að einu sinni á ári. Við matið skal taka tillit til breytinga á starfi og starfssviði frá því starfið var metið síðast. Skriflegu rökstuddu erindi hér að lútandi skal beina til samstarfsnefndar. Ágreiningsmálum vegna framkvæmdar stofnanasamningsins skal skotið til samstarfsnefndar sbr. 11. kafla kjarasamnings.

10. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. júní 2016 og gildir fyrir alla félagsráðgjafa á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Akureyri 22. desember 2016

Fyrir hönd Sjúkrahússins á Akureyri

Fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands



Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félagsráðgjafafélags Íslands

desember 2016

Viðauki I

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaganna BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkanir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins, sem varðar greinar 11.3.3.1 og 11.3.3.2 í kjarasamningi aðila er að finna eftirfarandi útlistun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum.

Grein 11.3.3.1.: „Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 einingar (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launalokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar = 1 launalokkur).

Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar.

Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.“

Grein 11.3.3.2: „...Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 álagsþrep, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 álagsþrep og doktors- eða sambærileg gráða með 6 álagsþrepum. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.“

Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélag þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttað var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis. Ágreiningur varðandi túlkun ákvæðisins er óleystur.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreiningu aðila og þá hver hún verður. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum verður menntun metin á sama hátt og hingað til í stofnunarsamningi SAK og FÍ.

Félagsráðgjafafélag Íslands samþykkir stofnunarsamning þennan með þeim fyrirvara að fáiast niðurstaða í túlkun á ákvæðum gerðardóms verði stofnunarsamningurinn endurskoðaður í samræmi við þá niðurstöðu.